

Til félagsmanna SVP: Skoðanakönnun meðal félagsmanna SA – Samtaka atvinnulífsins, um hvort SA skuli beita sér fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu

Vegna mikils fréttáflutnings síðustu daga um skoðanakönnunina sem framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins ákvað að leggja fyrir félagsmenn, vil ég, sem formaður SVP - Samtaka verslunar og þjónustu og fulltrúi félagsins í framkvæmdarstjórn Samtaka atvinnulífsins fara yfir ákveðin atriði sem þessu máli tengjast:

- Engin ákvörðun um breytingu á formlegri afstöðu SA hefur verið tekin. Það skref sem nú hefur verið tekið, lítur einungis að því að kanna hug allra félagsmanna og afstöðu þeirra til þess að SA, sem er hagsmunafélag alls atvinnulífsins, beiti sér fyrir því að umræða í átt að Evrópaaðild verði tekin á dagskrá. Þ.e.a.s. allt fjaðrafokið lítur einungis að því að skoðanakönnun sem inniheldur eina spurningu var send út.
- Ástæða þess að framkvæmdastjórn telur nauðsynlegt að kanna hug félagsmanna er sú að stjórnir flestra af aðildarfélögum, þar með talið SVP, hafa ályktað að aðild að Evrópusambandinu sé mikið hagsmunamál fyrir framtíð þeirra félagsmanna og ætla má því að meirhluti félagsmanna SA sé aðildarviðræðum fylgjandi. Að finna út hversu afgerandi sú skoðun er, er megintilgangur könnunarinnar.
- Þegar niðurstaða skoðunarkönnunarinnar liggur fyrir, þarf að skoða vel :
 - Hvort sú niðurstaða sé afgerandi og skýr
 - Hvort hægt sé með annarri aðferðafræði en að beita afli SA, að verða við vilja meirihluta félagsmanna, þar sem ljóst er að minnihluti félagsmanna, þ.m.t. LÍÚ séu slíku sterklega mótfallinn.
- Sú stóra ákvörðun um hvort breyta eigi stefnu Samtaka atvinnulífsins gagnvart aðild að Evrópsambandinu er því ótekin, en stendur fyrir dyrum hjá stjórn SA. Það væri ábyrgðarleysi af stjórn að fjalla ekki um málið og það væri líka ábyrgðarleysi stjórnar að vera ekki með fullkannaðan vilja allra félagsmanna SA á bak við sig áður en tillaga um slíkt er sett fram.
- Ljóst er að hagsmunir sjávarútvegsins, sem um leið eru hagsmunir þjóðarinnar allrar, eru miklir og munu skipa veigamikinn sess, ef til aðildarviðræðna kemur. En sú tilraun LÍÚ að reyna að hindra að málefnið sé tekið á dagskrá og reyna að hindra að aðrir félagsmenn fái að tjá sinn vilja og verja sína hagsmuni með bestum hætti, er þeim ekki til sóma og þeirra hagsmunum ekki til framdráttar. Við þær efnahagslegu náttúruhamfarir sem íslenskt atvinnulíf er að eiga við er samstaða og samvinna lykilatriði og mikilvægt að sú leið sem gagnast heildarhagsmunum sé valin. Ef LÍÚ telur á seinni stigum að þeirra sérhagsmunir fari ekki lengur með heildarhagsmunum atvinnulífsins og þeim ákvörðunum sem meirihlutinn tekur, er þeim frjálst að velja þá leið sem þeim hentar í sinni hagsmunagæslu, þó ég telji það dapurlega þróun fyrir atvinnurekendur. En hótun um úrsögn úr Samtökum atvinnulífsins núna, vegna þess að einföld skoðanakönnun var lögð fram um málefni sem LÍÚ hugnast ekki að ræða, er ekki tímabær.
- Ég vil hvetja félagsmenn til að íhuga vel sína afstöðu og nota sinn atkvæðisrétt. Íslenskt atvinnulíf hefur sennilega aldrei staðið frammi fyrir eins risavöxnum vandamálum og núna og ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu er mikilvægasta forsenda þess hvaða leið verður fetuð og hvaða möguleika við eigum til endurreisnar. Til að taka réttar ákvarðanir þarf forysta atvinnulífsins að hafa skýrt umboð fyrirtækja landsins.



Hrund Rudolfsson

Formaður SVP – Samtaka verslunar og þjónustu